

**Ed. 82. Frumvarp til laga [52. mál]**

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

50. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 30 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði almennra hegningarlaga um hámark fésekta var breytt með 5. gr. laga nr. 101 28. desember 1976, og var þá ákveðið 5 milljónir króna. Hafði ákvæðið þá staðið óbreytt frá setningu laganna 1940, er það var ákveðið 30 000 krónur, sbr. þó ákvæði laga nr. 14/1948, þar sem svo var fyrir mælt að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til „núgildandi verðlags“, skuli lágmark þeirra og hámark „breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma“.

Nauðsynlegt er að sektafjárhæðir fylgi almennri verðlagsþróun. Er því lagt til að sektahámark í almennum hegningarlögum verði hækkað og ákveðið 30 milljónir króna. Sektahámark hegningarlaga gildir eigi aðeins um sektaákvæðanir samkvæmt hegningarlögum heldur og um sektaákvörðun samkvæmt ýmsum sérlögum, þar sem sektahámark er ekki ákveðið.